

Nd.

223. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „1.—4.“ á tveimur stöðum í: 1.—3.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður á tveimur stöðum orðin „2. másl. 4. tölul. og“.

4. gr.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „fyrsta másl. 4. tölul.“

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánnum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði verzlunarleyfis. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað.